

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 191/2015

2017/EES/3/17

frá 10. júlí 2015

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/99/EB frá 19. nóvember 2008 um vernd umhverfisins með refsíákvæðum ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun 2008/99/EB tekur til gerða sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn og gerða sem hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 11 (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1m. **32008 L 0099**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/99/EB frá 19. nóvember 2008 um vernd umhverfisins með refsíákvæðum (Stjtið. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 28).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þar eð tiltekna Bandalagsgerðir, sem eru taldaðar upp í tilskipun 2008/99/EB, hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn skulu allar tilvísanir í þær gerðir, í skilgreiningar í þeim gerðum og í brot sem varða framferði sem fellur undir gildissvið gerðanna sem er að finna í tilskipun 2008/99/EB, ekki taka til EFTA-ríkjanna. Þessar gerðir eru:

- i) Tilskipun ráðsins 76/160/EBE frá 8. desember 1975 um gæði vatna til baða,
- ii) Tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um varðveislu villtra fugla,
- iii) Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra,
- iv) Tilskipun ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar,
- v) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 338/97 frá 9. desember 1996 um vernd villtra dýra og plantna með því að setja reglur um viðskipti með þau,
- vi) Tilskipun ráðsins 2003/122/KBE frá 22. desember 2003 um eftirlit með hávirkum, lokuðum geislalindum og munaðarlausum geislalindum,
- vii) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB frá 15. febrúar 2006 um stjórnun gæða vatns til baða,
- viii) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/44/EB frá 6. september 2006 um gæði ferskvatns sem þarf að vernda eða bæta til að fiskur geti þrífist þar,
- ix) Tilskipun ráðsins 2006/117/KBE frá 20. nóvember 2006 um umsjón og eftirlit með flutningi geislavirks úrgangs og notaðs eldsneytis.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 28.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/99/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila

vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2015 frá 10. júlí 2015 sem fellir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/99/EB inn í EES-samninginn

„Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/99/EB byggir á 175. gr. EB-sáttmálans (nú 192. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins) og miðar að skilvirkri verndun umhverfisins. Þessu skal náð fram með beitingu lagalegra úrræða sem kveðið er á um í refsirétti. Samningsaðilar hafa komið sér saman um að tilskipun þessi skuli felld inn í EES-samninginn. Samningsaðilar eru á einu máli um að upptaka tilskipunar 2008/99/EB sé með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins og taka mið af því að í kjölfar gildistöku sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins geti löggjafi ESB samþykkt lágmarksreglur skv. 2. mgr. 83. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins um skilgreiningu refsiverðra brota og viðurlaga í sérstökum málaflokki ESB ef „nauðsynlegt reynist [...] til að tryggja skilvirka framkvæmd stefnu Sambandsins á sviði þar sem samræmingarráðstafanir hafa verið gerðar“. Framtíðarlagaákvæði sem verða samþykkt skv. 2. mgr. 83. gr. munu ekki varða EES.“

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.